



6. ÆTTARVELDIÐ

Bls 50 - 55

Markmið

Að nemandi átti sig á:

- baráttu kirkjunnar fyrir auknu sjálfstæði í Evrópu
- að kirkjan var alþjóðastofnun sem reyndi að komast til áhrifa á Íslandi
- að kirkjan fékk sjálfstæðan tekjustofn með tíundinni
- að kirkjunni var í raun stjórnað af höfðingjum
- að höfðingjar nýttu sér kirkjunna til að auðgast
- Þorlákur biskup reyndi að auka sjálfstæði kirkjunnar en mistókst vegna andstöðu höfðingja
- að fáar valdaættir náðu að sópa til sín völdum og auði í krafti kirkjuauðs

Kennsla

Mikilvægt er að nemendur átti sig á að jarðeignir voru undirstaða valds á Íslandi. Kirkjan átti með tímanum miklar jarðeignir og fékk skatt í formi tíundar. Þar sem höfðingjar áttu margar kirkjur nutu þeir góðs af þessum auði en því vildu yfirmenn kirkjunnar breyta.

Kapólska kirkjan barðist fyrir sjálfstæði sínu í Evrópu enda vildi hún fá að ráða sínum málum í friði fyrir kóngum og höfðingjum. Með tímanum náði hún flestum markmiðum sínum en á Íslandi höfðu höfðingjarnir betur.

Gera skal nemendum grein fyrir því að fáeinar höfðingjaættir náðu að skipta landinu á milli sín á 12. og 13. öld. Þar með var valddreifing þjóðveldisins úr sögunni.

Umræður

- Hvaða trúarhreyfingar þekkja nemendur? Hver er munurinn á þeim?
- Hverjir ráða yfir kirkjunum á Íslandi í dag? Hver heldur þú að hafi stjórnað fyrstu kirkjunum á Íslandi?
- Í þessum kafla eru höfðingjarnir á Íslandi og biskupinn á Íslandi að deila um það hvor þeirra ætti að ráða yfir kirjustöðunum. Af hverju heldur þú að það hafi verið mikilvægt að ráða yfir kirkjunum?
- Hvernig tengdist kirkjan á Íslandi kirkjunni í Evrópu?
- Hvaða áhrif hefur það á samfélagið þegar auður safnast á fáar hendur?
- Á þessum tíma skiptist landið þannig að nokkrar valdaættir réðu öllu landinu. Hvað finnst þér um það og heldur þú að það sé svo á Íslandi í dag?



Verkefni

- Skrifaðu frétt sem segir frá deilum Þorláks biskups og höfðingjans Jóns. Reyndu að draga fram meginástæðu deilunnar.
- Ímyndaðu þér að þú sért páfinn í Róm á þessum tíma. Skrifaðu ávarp til Íslendinga þar sem viðhorf kirkjunnar um sjálfstæði koma fram.
- Skrifaðu fréttaskýringu þar sem fram kemur hvernig völd og auður hafi safnast saman á fáar hendur í landinu. Reyndu að tengja það við auðsöfnun sem varð í skjóli kirkjunnar.
- Útbúðu myndasögu af deilum Þorláks biskups og höfðingjans Jóns. Láttu viðhorf þeirra koma í ljós í myndatexta.
- Skoða sálminn bls. 53 Heyr himna smiður. Þetta er fyrsti íslenski sálmurinn.
- Hópverkefni: Gerið grein fyrir þeim héraðsættum sem ríktu á Íslandi á 12. öld. Hvað nefndust ættirnar – hvar bjuggu þær og hverjir voru höfðingjar hverrar ættar. Merkið inn á Íslandskort hvar hver ætt réð og myndskreytið að eigin vali. Jafnvel væri hægt að vinna hópverkefni um þessar ættir.

- ◆ Haukdælir
- ◆ Oddaverjar
- ◆ Ásbirningar
- ◆ Svínfellingar
- ◆ Sturlungar

Kort

- Merktu inn á Íslandskort þá staði sem koma við sögu í kaflanum. Skrifaðu ártöl og heiti eftir því sem við á.

Tímaás

- Merktu inn á tímaásinn öll ártöl og tímabil sem koma fyrir í kaflanum.



6. ÆTTARVELDIÐ – VERKEFNI

Bls 50 - 55

1. Um hvað snerist deila Þorláks biskups og Jóns Loftssonar sem kallaðist Staðarmálin fyrri?

2. Á hverju byggðust kröfur Þorláks í deilunni um kirkjustaðina?

3. Hvernig enduðu deilur Þorláks biskups og Jóns Loftssonar?

4. Hvaða munur var á völdum konunga og kápólsku kirkjunnar?



5. Hverju vildi páfínn breyta og hvenær náði hann markmiðum sínum?

6. Hvernig gekk íslensku kirkjunni að fá aukið sjálfstæði miðað við kirkjuna í Evrópu?

7. Hvaða erkibiskupsdæmi tilheyrðu Íslendingar? Hverju breytti það fyrir landsmenn?

8. Hverju vildi biskup breyta varðandi siðferðismál landsmanna?

9. Af hverju lenti Guðmundur Hólabiskup í útistöðum við höfðingja?



6. ÆTTARVELDIÐ – LAUSNIR

1. Deilan snerist um forræði yfir svokölluðum stöðum. Kirkjur sem áttu nægan auð til að geta séð um eigin rekstur kölluðust staðir. Staðir voru kirkjustaðir þar sem kirkjan átti sig sjálf og allt heimalandið, og var því nokkurs konar sjálfseignarstofnun. Barátta þeirra snerist um mikil auðæfi og þar af leiðandi áhrif og völd. Þorlákur vildi meina að staðir ættu að lúta forræði biskups. Jón sem var helsti höfðingi landsins á þessum tíma réð yfir miklum kirkjueignum sem ætt hans hafði byggt upp. Hann sætti sig ekki við að láta þær eignir af hendi.
2. Kapólska kirkjan hafði lengi barist fyrir því að stjórna eigin málum en hún hafði lengst af lotið valdi konunga og höfðingja sem nýttu sér auðæfi hennar sér til framdráttar. Erkebiskupinn yfir Íslandi hafði sent Þorláki bréf þar sem fram kom krafa um að hinir svokölluðu staðir ættu að lúta forræði biskups.
3. Jón Loftsson komst upp með að virða boðskap erkibiskups að vettugi og héldu höfðingjar því kirkjujörðum sínum enn um sinn.
4. Kóngar og kirkja áttu oft í valdabaráttu en þó var ákveðin verkaskipting á milli þeirra. Báðir aðilar vildu ráða sem mestu en venjulega fór konungur með veraldlegt vald og kirkjan með andlegt vald. Konungur sá um að halda frið í samfélaginu með því að verja landið fyrir árásum og láta dæma sakamenn til refsingar. Kirkjan hafði hins vegar það hlutverk að boða kristna trú og treysta kristilegt siðferði.
5. Kirkjunni var víða stjórnað af veraldlegum höfðingjum sem nýttu sér auðæfi hennar og áhrifavald. Þessu reyndi páfinn að breyta enda vildi hann gera kirkjuna að sjálfstæðri stofnun sem réði sínum málum sjálf án afskipta annarra. Hann lenti í miklum deilum við konunga í Evrópu um hver ætti að stjórna kirkjunni í hverju ríki fyrir sig og náði sú togstreita hámarki um 1100. Á fyrri hluta 12. aldar náði kirkjan hins vegar fram flestum sínum kröfum.
6. Það tók kirkjuna á Íslandi mun lengri tíma að verða sjálfstæð stofnun en í Evrópu.
7. Ísland varð hluti af norska erkibiskupsdæminu árið 1178. Norski erkibiskupinn var því næsti yfirmaður íslensku biskupanna.
8. Þorlákur barðist fyrir kristnu siðferði en það reyndist erfitt að fá landsmenn til að samþykka ýmsar siðahugmyndir kirkjunnar. Það átti ekki hvað síst við um kynferðismál en í þeim efnum voru Íslendingar mjög frjálsslyndir að fornum sið. Höfðingjar áttu gjarnan margar ástkonur og voru þeir ekki á því að láta biskup segja sér til um það hvernig þeir ættu að ástunda sitt ástarlíf. Það tók langan tíma að innræta mönnum kristilegt siðgæði.
9. Guðmundur leitaðist við að gera kirkjuna sjálfstæðari. Hann lenti í mikilli baráttu við höfðingja um stjórn á eignum biskupsstólsins sem og því hvort prestar ættu að lúta kirkjulegu eða veraldlegu valdi. Kapólska kirkjan hafði fengið það samþykkt í flestum löndum að fá að dæma í málum presta samkvæmt lögum kirkjunnar en á Íslandi var einungis dæmt samkvæmt landslögum, af dómstólum sem í raun var stjórnað af höfðingjum. Norðlenskir höfðingjar voru ekki tilbúnir til að veita kirkjunni aukið sjálfstæði og því náði barátta Guðmundar ekki fram að ganga.